

## Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um viðhald vegakerfisins.

Frá Viktori Orra Valgarðssyni.

1. Hefur Vegagerðin skýr markmið um viðhald vegakerfisins þar sem t.d. hefur verið metin þörf á viðhaldi vega og brúa innan sem utan þéttbýlis?
2. Hefur Vegagerðin látið reikna út hversu mikið fé þarf til slíks viðhalds:
  - a. næstu 5 ár,
  - b. næstu 10 ár,
  - c. næstu 40 ár?
3. Hvernig hyggst ráðherra tryggja fjármögnun viðhalds skv. 2. lið?

Skriflegt svar óskast.